



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 66/2011

Auglýsingar Skakkaturns ehf. „Engir vírusar“

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofu bárust ábendingar í tilefni sjónvarpsauglýsinga Skakkaturns ehf., umboðs- og söluaðila Apple tölva á Íslandi. Í auglýsingunum sem birtar eru í nafni Eplis.is, koma fram nokkrir þekktir Íslendingar sem fara með eftirfarandi texta:

„Ég er eiginlega bara búin að gleyma því hvernig það er að vera slappur og stressaður. Ég er bara alltaf í lagi svona eins og Apple tölva.“

„Ég reyni að lifa ofsalega heilbrigðu lífi. Ég læt helst ekki ofan í mig nema það sé bara ávextir og grænmeti, lífrænt, macróbíótískt, bíódímamískt, vegan, blessað, enda ég fæ aldrei neinar pestir. Enga vírusa.“

„Ég heiti Gunnar og er bardagaiþróttamaður. Ég æfi, borða hollan mat og reyni að vera í eins fullkomnu formi og ég get. Ekkert rugl og engir vírusar.“

Umræddar auglýsingar hafa birst í októbermánuði 2011, í dagskrá Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. október 2011, til Skakkaturns var upplýst að stofnuninni hefðu borist ábendingar þess efnis að fyrirtækið fullyrti „Engir vírusar“ í auglýsingum sínum. Í bréfinu var vakin athygli á að Neytendastofa hefði með ákvörðun stofnunarinnar, dags. 3. desember 2010, beint þeim tilmælum til fyrirtækisins að hætta birtingu fullyrðingarinnar „Engir vírusar“ í auglýsingum sínum. Var það mat Neytendastofu að Skakkaturn hefði með auglýsingum sínum brotið gegn 5. gr., 4. mgr. 6. gr., 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Einnig kom fram í bréfi Neytendastofu að Skakkaturn hefði kært ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála sem staðfesti ákvörðunina með úrskurði nr. 4/2011, dags. 10.



febrúar 2011. Afrit úrskurðarins var meðfylgjandi bréfi Neytendastofu. Þá var Skakkaturni gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Engin skýringar eða athugasemdir bárust Neytendastofu.

III. Niðurstaða

1.

Skakkaturn ehf., rekstraraðili Epli.is, hefur í október 2011, birt í sjónvarpsauglýsingum fullyrðinguna „Engir vírusar“. Með ákvörðun Neytendastofu, dags. 3. desember 2010, var tekin ákvörðun um að auglýsingar með fullyrðingunni „Engir vírusar“ væru brot á 5. gr., 4. mgr. 6. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Var þeim tilmælum beint til Skakkaturns að hætta að auglýsa með framangreindum hætti. Ákvörðun Neytendastofu var staðfest af áfrýjunarnefnd neytendamála.

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]“

Í málinu liggur fyrir að Skakkaturn hefur með birtingu auglýsinganna virt að vettugi ákvörðun Neytendastofu, dags. 3. desember 2010, sem og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 10. febrúar 2011. Er því að mati Neytendastofu óhjákvæmilegt að leggja stjórnvaldssekt á fyrirtækið sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

Að teknu tilliti til þess að um ítrekað brot er að ræða og að einbeittur vilji virðist vera til að blekkja neytendur um kosti þeirrar vöru sem fyrirtækið selur sem og alvarleika brotsins, er það mat stofnunarinnar að hæfilegt sé að leggja á Skakkaturn stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.500.000 kr. (einmilljónogfimmhundruðþúsundkrónur), vegna brots gegn ákvörðun Neytendastofu dags. 3. desember 2010.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Skakkiturn ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík hefur með notkun á fullyrðingunni „Engir Vírusar“ í sjónvarpsauglýsingum sínum brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 3. desember 2010.

Með heimild í b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Skakkaturn ehf. að fjárhæð kr. 1.500.000 (einmilljónogfimmhundruðþúsundkrónur).“

Neytendastofa, 28. október 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir